

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,

Dagsetning
3. apríl 2002

Tilvísun
A-8
LÖ/bb

150 Reykjavík

Vísað er til erindis nefndarinnar, dags. 18. mars s.l., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um fjárreiður ríkisins, 581. mál, Fjárslásla.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um fjáreiður ríkisins og fleiri lögum í tengslum við áform um að fela ríkisbókhaldi þau verkefni sem ríkisfjárhirslan hefur haft með höndum. Í samræmi við það er lagt til að heiti stofnunarinnar verði breytt í Fjárslásla ríkisins. Í raun felur frumvarpið því ekki í sér neinar efnisbreytingar á gildandi löggjöf heldur er í frumvarpinu lagt til að nauðsynlegar breytingar verði gerðar á henni vegna ofangreindrar nafnbreytingar.

Með vísan til þess sem að ofan segir gerir Ríkisendurskoðun engar athugasemdir við frumvarpið sem slíkt. Hins vegar þykir rétt að taka fram að við að fela ríkisbókhaldinu verkefni ríkisfjárhirslunnar verður að hafa í huga mikilvægi þess að haga skipulagi þannig að hér eftir sem hingað til verði í raun fullkominn aðskilnaður á milli starfsviðs ríkisfjárhirslunnar og ríkisbókhaldsins.

